

Nd.

11. Frumvarp til laga

[11. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI

Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

1. gr.

Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögnum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

2. gr.

1. Landeiganda einum eru heimilar fluglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá ábúðinni réttur til fuglaveiða, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.

3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

3. gr.

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá lendeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

4. gr.

1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar.

2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.

3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fuglaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.

4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.

5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

5. gr.

1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

2. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarétt sinn til þeirra.

3. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 6. gr. laga nr. 58/1954.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

7. gr.

1. Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.

2. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. Menntamálaráðuneytið skipar nefndina til fjögurra ára í senn, og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tillögum Hins íslenska náttúrufræðifélags, annar eftir tillögum Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar, auk deildarstjóra dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík, er skal vera formaður nefndarinnar.

3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun, og ber nefndinni að gera tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.

4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndunarráðinu (The International Council for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.

5. Meðlimir fuglafriðunarnefndar fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem ráðuneytið ákveður, og útlagðan kostnað fær nefndin greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Friðunarákvæði og veiðitímar.

8. gr.

1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsgl., vera friðaðar allt árið.

2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:

- a. Allt árið: kjói, svartbakur, sílamáfur, silfurmafur, hrafn.
- b. Frá 20. ágúst til 15. marz: dílaskarfur, toppskarfur, grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi.
- c. Frá 1. september til 31. marz: lómur, fýll, súla, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, grafönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, gulönd, skúmur, hvítmafur, bjartmafur, hettumáfur, rita.
- d. Frá 1. september til 19. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
- e. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsg. r., tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

9. gr.

1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varp-eiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en $\frac{1}{4}$ km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypís, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lög-reglustjóri varplandið ókeypís á næsta manntalsþingi.

10. gr.

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjó-fugla, sem taldir eru í 2. málsg. r. 8. gr., en þeir eru súla, dílaskarfur, toppskarfur, fýll, skúmur, hvítmafur, rita, álka, langvía, stuttnefja, teista og lundi, hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talið æðarvarp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó ekki til skeiðandar, skutulandar og straumandar. Um æðaregg skulu gilda þau sér-ákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í kríu- og hettumálfsvörpum skal heimilt að taka egg þessara fugla, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp.

11. gr.

1. Nú valda fuglar verulegu tjóni í ræktuðu landi, veiðivötnum og ám, fiski-ræktarstöðvum eða á öðrum hliðstæðum nytjum, og eru þá friðunarákvæði laga þess-ara ekki til fyrirstöðu því, að ráðuneytið geti, að fengnum tillögum fuglafriðunar-nefndar, veitt einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Undanþáguheimild þessi tekur þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fáka og snæuglu.

2. Þar sem grágæsir valda miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri getur ráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt hreppstjórum fyrir hönd veiðiréttarhafa í umdæmum sínum undanþágu frá friðunarákvæðum laga þessara, að því er veiði grágæsa varðar. Þá skal og taka grágæsareggja heimil, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., án þess að sækja þurfi um leyfi til eggjatökunnar.

3. Fugla þá, sem veiddir eru, og egg, sem tekin eru samkvæmt undanþágu-heimildum þeim, sem felast í 1. og 2. málsgrein, má hvorki bjóða til sölu, selja né kaupa.

12. gr.

1. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt ein-staklingum undanþágu frá friðunarákvæðum 8. og 9. gr. til að safna fuglum, eggjum og hreiðrum til vísindalegra þarfa eða í þágu opinberra almenningssafna, svo og vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda.

2. Ef nauðsyn krefur og sérstaklega stendur á, getur deildarstjóri dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt einstaklingum heimild til að safna friðuðum fuglum handa safninu, svo og eggjum þeirra, innan takmarka þess leyfis, er hann hefur hlotið samkvæmt heimild 1. málsgreinar.

13. gr.

Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið með reglugerð gert breytingar á friðunarákvæðum þeim, er felast í 8. gr. Slíkar breytingar á gildandi friðunarákvæðum má takmarka við tiltekin svæði.

14. gr.

Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenzkrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

III. KAFLI

Um fuglaveiðasamþykktir.

15. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til, hverri í sínu héraði, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

16. gr.

1. Þá er sýslunefnd hefur gert frumvarp til samþykktar samkv. 15. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar alla þá héraðsbúa, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hlunnindi þau, er um ræðir í 10. gr. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðuneytinu til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd fellst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundur þá á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðuneytinu til staðfestingar, og virðist ráðuneytinu hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðuneytisins. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

17. gr.

1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

2. Fyrir brot á löggilttri samþykkt má ákveða sektir, allt að 10 000 krónum, er renna í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

18. gr.

Þar sem rætt er um sýslunefnd, oddvita hennar og sýslusjóð í III. kafla laga þessara, er einnig átt við bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjarsjóð, eftir því sem við á.

19. gr.

Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, unz þær hafa verið staðfestar af ráðuneytinu að nýju.

IV. KAFLI

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

20. gr.

Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með frihendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabyssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

21. gr.

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.

2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, sbr. þó 24. gr., og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílar á klukkustund.

22. gr.

1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.

2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til lunda- og bjargfuglaveiða.

23. gr.

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stangi eða króka (gogga), öngla, boga, gildirur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

24. gr.

Þar sem grágæsir valda tilfinnanlegu tjóni á nytjagróðri getur ráðuneytið, samkvæmt tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt þeim handhöfum fuglaveiðaréttar, sem hafa fengið leyfi samkvæmt heimild 11. gr. til að veiða grágæsir á friðunartíma þeirra, tímabundið leyfi til að veiða grágæsir með því að reka þær í netgirðingar, þegar þær eru í sárum. Við þær veiðar er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 21. gr., að nota vélknúna báta, ef aðstaða er þannig, að þess þurfi.

25. gr.

Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum, og sömuleiðis skal óheimilt að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafns og kjóa.

26. gr.

Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

27. gr.

Óheimilt skal að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

28. gr.

Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra skulu óheimilar nema með leyfi ráðuneytisins, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

29. gr.

1. Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til að veiða fugla í net eða gildirur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má eigi nota önnur merki en þau, er stofnunin lætur í té.

2. Hverjum þeim, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

V. KAFLI

Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

30. gr.

Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka hluta þeirra.

31. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrr en daginn eftir að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

32. gr.

Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

33. gr.

1. Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal óheimilt að flytja úr landi. Þó getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, enda gangi trúnaðarmaður frá Náttúrufræðistofnun Íslands úr skugga um, að innihald sendinga af þessu tagi sé í samræmi við veitt leyfi. Auk þess skal Náttúrufræðistofnun Íslands heimilt að flytja út fuglahami og egg án þess að leyfi ráðuneytis komi til, þegar um er að ræða skipti við erlend söfn eða aðrar hliðstæðar stofnanir.

2. Útflutningsbann fyrri málsgreinar tekur hvorki til rjúpna né alifugla, sem kynnu að verða fluttir úr landi.

34. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

35. gr.

Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

36. gr.

Þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, er óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt. Þeim skal og óheimilt að setja upp eða taka hami af örnum, fálkum og snæuglum, jafnvel þótt þeirra hafi verið löglega aflað, nema í þágu opinberra almenningsafna is-lenzkra.

37. gr.

Nú notar ráðuneytið heimild 31. og 34. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvornig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

VI. KAFLI

Refsiákvæði og réttarfar.

38. gr.

1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 500 til 15 000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 1500 til 25 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrdill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grimsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 2500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðtækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögnum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

39. gr.

Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 250 til 10 000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 500 til 20 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrdills. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 1500 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

40. gr.

Brot á ákvæðum 30.—36. gr. varða sektum frá 250 til 25 000 krónum. Upp-taka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

41. gr.

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. og 38.—40. gr., varða sektum frá 250 til 5000 krónum.

42. gr.

1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 38. og 39. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna.

2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

43. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

44. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.

Lög nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðuneytið fól fuglafriðunarnefnd að endurskoða gildandi lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, og auk nefndarmanna hafa þeir Agnar Ingólfsson, náttúrufræðingur, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, starfað með nefndinni að endurskoðun laganna. Hefur nefndin skilað frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Frv. var sent Búnaðarþingi til umsagnar og breytt nokkuð að fenginni umsögn þess. Vísast um það til fskj. IV. Greinargerð nefndarinnar með frv. fer hér á eftir:

Með setningu laga nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, voru felld saman í eina heild hin sundurlausu ákvæði í íslenskum lögum um rétt til fuglaveiða, friðun fugla og veiðitíma, svo og ákvæði um fuglaveiðasamþykktir. Þá voru og tekin upp í lögín ýmis nýmæli, svo sem ákvæði um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála, ákvæði um veiðitæki og veiðiaðferðir, inn- og útflutning fugla, kaup og sölu þeirra o. fl. Leitast var við að gera lög nr. 63/1954 þannig úr garði, að ákvæði þeirra væru að efni til í sem nánustu samræmi við alþjóðasamþykkt um verndun fugla (Convention Internationale pour la Préservation des Oiseaux), sem gerð var í París 1950. Lög nr. 63/1954 tóku gildi 1. janúar 1955, og ári síðar eða í janúar 1956 fullgilti ríkisstjórn Íslands alþjóðasamþykktina um verndun fugla. Allöngu áður eða í apríl 1948 hafði Ísland gerzt aðili að alþjóðaráði um fuglavernd (International Council for Bird Preservation), og var þá þegar skipuð sérstök nefnd, sem síðar hlaut nafnið Fuglafriðunarnefnd, til að koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum. Með lögum nr. 63/1954 var skipun þessarar nefndar lögfest, og þar var kveðið nánar á um verksvið hennar. Fuglafriðunarnefnd er nú skipuð eftirtöldum mönnum: Finnur Guðmundsson, náttúrufræðingur, formaður, Kristinn Stefánsson, prófessor, Þorbjörn Jóhannesson, kaupmaður, og Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi.

Með bréfi, dags. 3. júní 1959, fól menntamálaráðuneytið fuglafriðunarnefnd að endurskoða lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, þar sem „óhjákvæmilegt virðist, að heimild sé til þess í lögum að leyfa veiði sumra fugla á friðunartíma þeirra, þar sem þeir kunna að valda tilfinnanlegu tjóni á nytjum eða hindra við-

komu og aukning fluglategunda, sem æskilegt er að viðhalda og fjölga.“ En þar sem þá var þegar ljóst orðið, að nauðsynlegt væri að fram færu rannsóknir á veigamiklum þáttum þessara mála, varð að ráði að fresta endurskoðun laganna, unz þeim rannsóknum væri lokið. Tjón á nytjagróðri af völdum grágæsa var meðal annars eitt af þeim málum, sem brýn nauðsyn var á að rannsaka nánar. Vegna skorts á fé og mannafla til slíkra rannsókna reyndist hins vegar ekki unnt að hefjast handa um aðgerðir í því máli fyrr en árið 1963, að samið var við „The Wildfowl Trust“ í Bretlandi um framkvæmd rannsókna. Sérfræðingar frá þessari stofnun unnu síðan í tvö sumur (1963 og 1964) í samráði við íslenska aðila að viðtækum athugunum á íslenska grágæsastofninum, stærð hans, útbreiðslu og lífsháttum. Rannsóknir á beinu tjóni af völdum gæsa féll einkum í hlut dr. Janet Kear, en hún hafðu þá um skeið unnið að hliðstæðum rannsóknum í Skotlandi, þar sem íslenskar grágæsir hafa vetrardvöl og þar sem einnig hafði verið kvartað yfir tjóni af þeirra völdum. Haustið 1964, þegar niðurstöður af þessum rannsóknum lágu fyrir, var talið ástæðulaust að fresta lengur endurskoðun laga nr. 63/1954, og með bréfi, dags. 30. október 1964, fól ráðuneytið fuglafriðunarnefnd að ljúka sem allra fyrst endurskoðun laganna.

Þegar tekið var til við endurskoðun laganna, kom fljótt í ljós, að nauðsynlegt var að gera á þeim margvíslegar breytingar. Af þeim sökum, svo og vegna ýmissa nýmæla, sem rétt þótti að taka upp í lög, kom nefndarmönnum saman um að endursema lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, fremur en semja frumvarp til laga um breytingar á þeim. Þess skal getið, að nefndarmenn hafa orðið á eitt sáttir um ákvæði frumvarps þessa, nema annars sé getið í athugasemdum þeim, sem hér fara á eftir.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Um I. kafla.

Um 1.—4. gr.

Samhljóða 1.—4. gr. l. nr. 63/1954.

Um 5. gr.

Samhljóða 5. gr. l. nr. 63/1954, en tilvitnun til laga í 3. mgr. breytt til samræmis við nýrri lög um það efni, er hér um ræðir.

Um 6. gr.

Samhljóða 6. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að orðalagi er örlítið vikið við.

Um 7. gr.

Að efni til að mestu samhljóða 7. gr. l. nr. 63/1954. Í 2. mgr. er þó bætt við ákvæði um, að fuglafriðunarnefnd skuli skipuð til fjögurra ára í senn, og í sömu mgr. kemur Samband dýraverndunarfélaga Íslands í stað Dýraverndunarfélags Íslands og deildarstjóri dýrafræðideildar í stað forstöðumanns dýrafræðideildar. Í 4. mgr. hefur nafni þeirra samtaka, er þar ræðir um, verið breytt til samræmis við nafnbreytingu er samþykkt var á alþjóðafundi samtakanna 1960. Í 5. mgr. er tekið upp ákvæði um, að meðlimir fuglafriðunarnefndar skuli fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem ráðuneytið ákveður. Störf fuglafriðunarnefndar hljóta að aukast mjög frá því sem verið hefur, ef breytingar þær á l. nr. 63/1954, sem frv. gerir ráð fyrir, hljóta lögfestingu.

Um II. kafla.

Um 8. gr.

Að mestu samhljóða 8. gr. 1. nr. 63/1954, en flokkaskiptingu í 2. mgr. hefur þó verið breytt nokkuð og flokkum fækkað úr átta í fimm. Breytingin miðar að því að gera ákvæði um veiðitíma einfaldari. Þrjár tegundir, flórgoði, margæs og hrafnstönd, hafa verið felldar niður úr 2. mgr., og gert er ráð fyrir, að þær verði framvegis alfriðaðar. Flórgoði er strjáll og fremur sjaldgæfur varpfugl, sem engu máli skiptir sem veiðifugl. Hins vegar hefur verið talið, að hann spillti veiði í vötnum og ám, en sú skoðun er að mestu byggð á misskilningi. Margæs hefur fækkað gífurlega hin síðari ár, og hefur alþjóða-fuglaverndunarráðið beitt sér fyrir því, að hún verði alfriðuð í öllum Evrópulöndum. Hrafnstönd verpir hér hvergi svo nokkru nemi nema í Mývatnssveit og nærsveitum. Henni fer stöðugt fækkandi, og þar sem hún skiptir engu máli sem veiðifugl, virðist einsætt, að rétt sé að alfriða hana.

Tvær tegundir, sílamáfur og silfurmafur, sem áður nutu takmarkaðrar friðunar, hafa verið fluttar í a-flokk, og er því gert ráð fyrir, að heimilt verði að veiða þær allt árið. Þessum tveimur máfategundum hefur fjölgað mjög, og valda þær víða miklum usla í fuglabyggðum.

Um 9. gr.

Samhljóða 9. gr. 1. nr. 63/1954.

Um 10. gr.

Að mestu samhljóða 10. gr. 1. nr. 63/1954. Vegna breytinga á flokkaskiptingu í 2. mgr. 8. gr. verður þó ekki komið hjá því að telja upp þá sjófugla, sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar. Í 2. mgr. gildandi laga er kveðið svo á, að undanþága til eggjatöku skuli eigi taka til skeiðandar, álftar og gæsa, hvorrar tegundar sem eru. Í frv. hefur „álftar og gæsa, hvorrar tegundar sem eru“ verið felt niður, enda auðsætt af orðalagi 2. mgr., að ákvæði hennar taka aðeins til anda. Hins vegar hefur verið bætt við ákvæði um, að undanþága til eggjatöku skulu ekki taka til skutulandar og straumandar, og verða tegundirnar því þrjár, sem undanþága til eggjatöku nær ekki til. Þessar þrjár tegundir skipta engu máli sem varpendur, hvorki í Mývatnssveit né annars staðar, og þar sem þær eru ýmist sjaldgæfar (skeiðönd, skutulönd) eða verpa mjög strjált (straumönd), virðist einsætt, að friða beri þær fyrir eggjatöku hvar sem er. Í 3. mgr. er bætt við almennri heimild til töku hettumáfs-eggja, og í lok mgr. eru felld niður orðin „eða annað egg af tveimur“. Hettumáf fer ört fjölgandi, og virðist ástæðulaust að gera honum hærra undir höfði en kriunni, að því er varðar heimild til eggjatöku.

Um 11. gr.

Í grein þessari, sem er nýmæli, felst heimild til að veita undanþágu frá friðunarákvæðum frv., þegar um er að ræða tegundir, sem valda verulegu tjóni á nytjum. Reynslan hefur sýnt, að brýn nauðsyn er á, að slík heimild sé í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Í 1. mgr. er kveðið svo á, að hægt sé að veita einstökum handhöfum fuglaveiðaréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er, en þó er gert ráð fyrir, að þessi undanþáguheimild taki ekki til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu. Í 2. mgr. eru sérákvæði um grágæsir, og miða þau að því að gera leyfisveitingar einfaldari, að því er þessa tegund varðar. Þar eru og ákvæði um heimild til töku grágæsareggja, án þess að leyfi komi til. Ákvæði 3. mgr. eru nauðsynleg vegna alþjóðasamþykktar, sem Ísland hefur fullgilt, um verndun fugla. Miða þau að því að koma í veg fyrir, að fuglar, sem veiddir eru samkvæmt undanþáguheimildum 1. og 2. mgr., séu gerðir að verzlunarvöru, og á hið sama við um egg þeirra. Þess skal getið, að einn nefndarmanna (P. E) lagði til, að við ákvæðin um undanþáguheimildir í 1. og 2. mgr. verði bætt orðunum

„enda verði ekki komið í veg fyrir tjón með öðru móti“. Þessi tillaga hlaut ekki stuðning annarra nefndarmanna, þar sem þeir töldu ýmis tormerki á því, að unnt væri í hverju einstöku tilviki að ganga úr skugga um, að aðrar ráðstafanir hefðu ekki borið árangur.

Síðan l. nr. 63/1954 tóku gildi, hafa grágæsir verið alfriðaðar, frá því þær koma á vorin og fram til 19. ágúst. Þetta hefur skapað mikla óánægju hjá bændum í sumum héruðum landsins, sem hafa orðið fyrir nokkrum bú sífjum af þeirra völdum. Samkvæmt ákvæðum 11. gr. geta bændur fengið leyfi til að veiða grágæsir á hvaða tíma árs sem er, svo framarlega sem þær valda tilfinnanlegu tjóni á nytjagróðri. Samkvæmt 1. mgr. geta einstakir veiðiréttarhafar fengið leyfi til slíkra veiða, en samkvæmt 2. mgr. geta hreppstjórar fyrir þeirra hönd fengið slíkt leyfi. Í síðara tilvikinu er miðað við svæði, þar sem grágæsir valda miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri, en vitað er nokkurn veginn, hver þau svæði eru. Í báðum tilvikum er þó gert ráð fyrir, að sækja verði um leyfi til slíkra veiða, og er það í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar, og svo er einnig um ákvæði 3. mgr. Þar sem Ísland hefur fullgilt alþjóðasamþykkt um verndun fugla, er varla um aðrar leiðir en þessa að ræða. En þrátt fyrir þessar viðtæku heimildir, verður að teljast mjög ólíklegt, að með gæsaveiðum verði hægt að koma í veg fyrir, að grágæsir valdi spjöllum á nytjagróðri, enda sára lítil líkindi til, að hægt sé að hafa nokkur veruleg áhrif á stærð grágæsastofnsins með veiðum, jafnvel þótt grágæsir væru ófriðaðar með öllu. Menn verða því að gera sér ljóst, að þessar undanþáguheimildir útiloka alls ekki nauðsyn ráðstafana til að verja ræktað land fyrir gæsum með ýmsum þeim ráðum, sem gefizt hafa vel í Skotlandi og víðar. Á því sviði er margra kosta vól, en um það vísast til skýrslu dr. Kear, sem fylgir greinargerð þessari (sbr. fylgiskjal II).

Um 12. gr.

1. mgr. þessarar greinar kemur í stað 11. gr. l. nr. 63/1954. Lagt er til, að undanþáguheimild sú, er hér um ræðir, skuli eigi aðeins taka til 8. gr. frv. heldur og einnig til 9. gr. þess. Þá er lagt til, að í stað orðanna „til notkunar við kennslu“ komi: í þágu opinberra almenningssafna, svo og vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda. Loks er lagt til, að lokasetning þessarar lagagreinar verði felld niður. Lítil ástæða virðist til þess, að skólar yfirleitt fari að keppa að því að koma upp sem fullkomnustum fuglasöfnum, enda hefur reynslan sýnt, að slíkt getur farið út í öfgar og mikil hætta á að það geti bitnað á sjaldgæfum tegundum. Skólar eiga nú vól á bókum með góðum fuglamyndum og auk þess litskuggamyndum af íslenskum fuglum, sem Fræðslumyndasafn ríkisins hefur látað gera. Undanþáguheimild vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda er nauðsynleg, m. a. vegna tilrauna til að koma upp æðarvarpi á nýjum stöðum.

Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli og er ætlað að bæta úr brýnni þörf. Það myndi auðvelda mjög sumar af þeim rannsóknnum, sem unnið er að á vegum Náttúrufræðistofnunarinnar, ef starfsmenn stofnunarinnar þyrftu ekki undantekningarlaust sjálfir að afla allra þeirra gagna af þessu tagi, sem nauðsynleg eru vegna rannsóknanna.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru nýmæli, sem nauðsynlegt þykir að taka upp. Meðal annars hefur alþjóða-fuglaverndunarráðið mælt til, að slík ákvæði verði tekin upp í fuglafríðunarlög sem flestra landa, en þau skapa aðstöðu til að bregðast skjótt við óvæntum vandamálum, án þess að til lagabreytinga eða lagasetningar þurfi að koma.

Um 14. gr.

Samhljóða 12. gr. l. nr. 63/1954.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla, sem fjallar um fuglaveiðasamþykktir, eru samhljóða ákvæðum III. kafla frumvarps til laga nr. 63/1954, eins og það var lagt fyrir Al-

þingi á sínum tíma. Í meðförum Alþingis voru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum þessa kafla, en nefndin telur æskilegt, að hið upphaflega orðalag frv. haldist óbreytt.

Um 15. gr.

Kemur í stað 13. gr. l. nr. 63/1954. Það er ekki aðeins ónauðsynlegt heldur beinlínis óæskilegt, að fleiri en ein sýslunefnd geri með sér fuglaveiðasamþykkt, enda ekki minnstu líkindi til, að þess gerist þörf. Nytjun hlunninda af fuglaveiðum og eggjatöku er með svo ólíkum hætti í hinum ýmsu héruðum landsins, að fráleitt er, að slíkum samþykktum sé ætlað að taka til víðáttumikilla landsvæða. Í því sambandi má benda á, að síðan l. nr. 63/1954 tóku gildi, hafa aðeins þrjár fuglaveiðasamþykktir hlotið staðfestingu ráðherra, og taka þær til Vestmannaeyja, Drangeyjar og Grímseyjar.

Um 16. gr.

Kemur í stað 14. gr. l. nr. 63/1954. Tilvísanir til bæjarstjórna, bæjarfulltrúa og bæjarfélaga í 13. og 14. gr. þeirra laga eru með öllu óþarfar, þar sem 16. gr. laganna tekur af öllu tvímæli um það efni.

Um 17. gr.

Samhljóða 15. gr. laga nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að í 2. mgr. er kveðið svo á, að sektir fyrir brot á löggiltri samþykkt megi nema allt að 10 000 krónum.

Um 18. gr.

Samhljóða 16. gr. l. nr. 63/1954.

Um 19. gr.

Samhljóða 17. gr. l. nr. 63/1954. Nauðsynlegt þykir að taka ákvæði þessarar greinar upp í frv., þar sem lagabreytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, snerta að minnsta kosti tvær af þremur fuglaveiðasamþykktum, sem staðfestingu hafa hlotið.

Um IV. kafla.

Um 20. gr.

Samhljóða 18. gr. l. nr. 63/1954.

Um 21. gr.

Samhljóða 19. gr. l. nr. 63/1954.

Um 22. gr.

Samhljóða 20. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að í stað „bjargfuglaveiða“ í síðustu setningu 3. mgr. kemur: lunda- og bjargfuglaveiða.

Um 23. gr.

Samhljóða 21. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að undanþáguheimildin í lok lagagreinarinnar er felld niður, en þar er kveðið svo á, að með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt megi heimila notkun fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum. Í frv. til l. nr. 63/1954 var lagt til, að þessi veiðiaðferð væri bönnuð, en í meðförum Alþingis var heimild til að stunda fuglaveiðar með þessum hætti tekin upp í lögin. Veiðiaðferð þessi er algert brot á alþjóðasamþykkt um verndun fugla, og auk þess er hún ómannúðleg. Virðist því einsýnt, að leggja beri ríka áherzlu á, að hún verði bönnuð.

Um 24. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, og er þeim ætlað að auðvelda mönnum, sem verða fyrir miklum og tilfinnanlegum ágangi grágæsa, að fækka þeim gæsum,

sem sækja í ræktarlönd þeirra. Sú veiðiaðferð, sem hér er rætt um, er mannúðleg og sennilega árangursríkasta aðferðin til að fækka gæsnum á takmörkuðum svæðum.

Um 25. gr.

Að efni til að mestu samhljóða 22. gr. l. nr. 63/1954. Helzta breytingin er fólgin í því, að felld er niður heimild til að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra fugla, sem um ræðir í greininni. Hins vegar er lagt til, að heimilt sé með reglugerð að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja í sambandi við eyðingu þeirra. Það er alkunnugt, að svartbakur veldur oft miklum usla í æðarvörpum, og hefur margt verið reynt til að koma í veg fyrir tjón, sem af því hefur hlotizt. Það er rótgróin trú margra Íslendinga, að hægt sé að stórfækka eða jafnvel eyða algengum fuglategundum með skotum, en þessi skoðun er á misskilningi byggð. Má í því sambandi benda á, að lengi vel töldu menn rjúpnarþurrðir stafa af ofveiði, en nú hefur verið sannað, að svo er ekki. Þá má benda á, að grágæsnum hefur farið hér jafnt og þétt fjölgandi, þótt um það bil þriðjungur stofnsins sé felldur í Skotlandi á vetri hverjum. Sannleikurinn er sá, að það eru ýmsir umhverfisþættir, þ. e. a. s. hin svonefndu lífsskilyrði, sem takmarka stofnstærð flestra fugla, en ekki veiðar, og á það ekki sízt við í jafnstrjálbýlu landi og Ísland er. Það eru því ekki minnstu líkindi til þess, að hægt sé að hafa nokkur áhrif á heildarstærð íslenska svartbakastofnsins með skotum, og fé, sem til þess væri varið, myndi því vera algerlega á glæ kastað.

Eina tiltæka leiðin í þessu máli virðist því vera sú, að leitast við að verja æðarvarp fyrir svartbak og reyna að eyða þeim takmarkaða og staðbundna svartbakafjölda, sem sækir í vörpin. Auðveldasta og um leið ódýrasa aðferðin til að ná því marki, er notkun eiturs eða svæfandi lyfja. Langæskilegast væri, ef hægt væri að komast hjá því að nota eitur í þessum tilgangi, og þyrfti því að athuga gaumgæfilega, hvort sum hinna nýju svefnlyfja gætu ekki komið í þess stað. Virðist eðlilegast, að í beinu framhaldi af lagasetningu þessari, verði skipuð nefnd til að semja reglugerð um eyðingu svartbaks samkvæmt ákvæðum 25. gr. frv.

Um 26. gr.

Samhljóða 23. gr. laga nr. 63/1954.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli, sem rétt þótti að taka upp í frv., enda hvergi að finna ákvæði um þetta efni í lögum. Það hefur farið í vöxt á síðari árum, að sina sé brennd á vorin, og er ekki óalgengt, að það sé gert í maímánuði og jafnvel fyrri hluta júnímánaðar. Slíkt er með öllu óviðunandi, því að þá eru fuglar almennt komnir á varpstöðvarnar og margir farnir að verpa. Afleiðingin af þessu verður sú, að hreiðrum og eggjum margra fugla er eytt í eldi. Til að koma í veg fyrir slíkt er vart um annað að ræða en banna sinubruna eftir 1. maí ár hvert, en það eru þau tímatakörk, sem eðlilegast er að miða við.

Um 28. gr.

Samhljóða 24. gr. l. nr. 63/1954.

Um 29. gr.

Samhljóða 25. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að lagt er til, að Náttúrufræðistofnun Íslands geti veitt leyfi til að veiða fugla í net eða gildirur til merkinga. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að ráðherra veiti slíkt leyfi, að fengnum til-lögum fuglafriðunarnefndar.

Um V. kafla.

Um 30. gr.

Samhljóða 26. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að felld eru niður orðin „flytja úr landi“.

Um 31. gr.

Samhljóða 27. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að felld eru niður orðin „flytja úr landi“.

Um 32. gr.

Samhljóða 29. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að felld eru niður orðin „flytja úr landi“.

Um 33. gr.

Í þessari grein, sem er ný, eru felld saman í eina heild þau ákvæði um útflutning, sem felld eru niður úr 30.—32. gr., auk þess sem bætt er við nýjum ákvæðum um þetta efni. Reynsla hefur sýnt, að nauðsyn er á skýrari og strangari fyrirmælum um útflutning. Lagt er til, að allur útflutningur fugla og eggja, að undanskildum útflutningi alifugla og rjúpna, verði háður leyfum, og að trúnaðarmaður frá Náttúrufraeðistofnun Íslands hafi eftirlit með slíkum útflutningi.

Um 34. gr.

Samhljóða 28. gr. l. nr. 63/1954.

Um 35. gr.

Samhljóða 30. gr. l. nr. 63/1954.

Um 36. gr.

Samhljóða 31. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að bætt er við ákvæði um, að þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, sé óheimilt að setja upp eða taka hami af örnum, fálkum og snæuglum, jafnvel þótt þeirra hafi verið löglega aflað, nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra. Þetta ákvæði er mikilvægt, því að hjá mörgum hefur gætt ríkrar tilhneigingar til að flytja sjaldgæfar tegundir sem þessar úr náttúrunni inn í stásstofur sínar. Við þessu er nauðsynlegt að sporna, en það er vart hægt með öðru móti en því, að koma algerlega í veg fyrir, að menn geti fengið slíkar tegundir settar upp.

Um 37. gr.

Samhljóða 32. gr. l. nr. 63/1954.

Um VI. kafla.

Um 38. gr.

Samhljóða 33. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að refsimörk eru fimmfölduð.

Um 39. gr.

Samhljóða 34. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að refsimörk eru fimmfölduð.

Um 40. gr.

Samhljóða 35. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að refsimörk eru fimmfölduð.

Um 41. gr.

Samhljóða 36. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að refsimörk eru fimmfölduð.

Um 42. gr.

Samhljóða 37. gr. l. nr. 63/1954,

Um 43. gr.

Samhljóða 38. gr. I. nr. 63/1954.

Um 44. gr.

Kemur í stað 39. gr. I. nr. 63/1954. Í samræmi við 25. gr. frv. og athugasemdir um hana er lagt til, að I. nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks, verði úr gildi numin.

Um 45. gr.

Kemur í stað 40. gr. I. nr. 63/1954.

Fylgiskjal I.

Alþjóðasamþykkt um verndun fugla.

(Convention Internationale pour la Préservation des Oiseaux).

Með því að þeim aðilum, er samþykktina gera, er ljós sú gereyðingarhætta, sem vofir yfir vissum tegundum fugla, og stendur líka stuggur af ískyggilegri fækkun annarra tegunda, einkum farfugla,

og með tilliti til þess, að frá sjónarmiði vísindalegrar þekkingar, náttúruverndunar og þjóðarbúskapar ættu í rauninni allir fuglar að njóta friðunar,

hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að þörf sé breytinga á Parísarsamþykktinni frá 1902 (Alþjóðasamþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), og þar af leiðandi leggja þeir til, að textinn verði á þessa leið:

1. gr.

Samþykkt þessi skal taka til allra villifugla.

2. gr.

Aðilar samþykktarinnar telja, að með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein eigi yfir höfuð að friða:

- a. alla fugla, að minnsta kosti um varptímann, og sömuleiðis farfugla þann tíma, sem þeir hverfa aftur til varpstöðva sinna, einkum í marz, apríl, maí, júní og júlí;
- b. þær tegundir, sem gereyðing vofir yfir eða eru vísindalega merkilegir, allt árið.

3. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma tegundarinnar að flytja inn, flytja út, flytja til, selja, bjóða til kaups, kaupa eða geyma nokkurn þann fugl, eða jafnvel hluta af fugli, lifandi eða dauðan, sem ólöglega var drepinn eða fangaður.

4. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma hverrar tegundar, og sér í lagi um varptímann, að færa úr stað eða ónýta hreiður, sem fuglar eru að gera sér eða liggja í, að taka eða skemma, flytja til, flytja út eða inn, að selja, bjóða til kaups, að kaupa og að ónýta egg eða eggskurn fugla. Sömu ákvæði skulu og gilda um unga villtra fugla.

Bann þetta skal ekki taka til eggja, sem tekin eru með löglegum hætti, enda fylgi þeim vottorð um, að þau séu ætluð til útungunar eða til vísindalegra nota eða þau séu undan alifuglum. Og vegna sérstakra og viðurkenndra ástæðna skal bann þetta ekki taka til vepjueggja í Hollandi.

5. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að banna eftirtaldar (veiði)-aðferðir, sem valdið geta fjöldadrápi fugla eða föngun eða hakað þeim kvalir að nauðsynjalausu. Og í þeim löndum, þar sem slíkar aðferðir eru nú heimilar samkv. lögum, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til að taka smám saman í lög þau ákvæði. er banni þær eða setji notkun þeirra takmörk:

- a. snörur, lím, gildrur, öngla, net, eitrad eða deyfandi agn, blindaða bandingja;
- b. tálgildrur fyrir endur;
- c. spegla, blys og annan ljósaútbúnað;
- d. net eða aðrar fiskveiðatilfæringar til þess að veiða sundfugla;
- e. marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki;
- f. yfirleitt öll skotvopn önnur en þau, sem skjóta má með frá öxl;
- g. notkun vélknúinna báta til þess að elta eða skjóta fugla á ósöltu vatni og, frá 1. marz til 1. október, á sjó innan landhelgi eða með ströndum fram;
- h. notkun vélknúinna farartækja á landi eða flugvéla til þess að skjóta fugla eða reka þá;
- i. að heitið sé verðlaunum fyrir að fanga fugla eða eyða þeim;
- j. heimild til þess að skjóta fugla eða veiða þá í net skal háð takmörkunum á öllum árstímum og afnumin með öllu um varptímann á sjó, í fjörum og með ströndum fram;
- k. allar aðrar aðferðir, sem stefna að fjöldaveiði eða fjöldadrápi fugla.

Undantekningar frá ákvæðum þessarar greinar eru tilgreindar í 6. og 7. grein.

6. gr.

Ef einhver fuglategund á tilteknu svæði er líkleg til þess annað hvort að reynast hættuleg nytjagróðri eða dýrum með skaða þeim, er hún gerir á ökrum, vínekrum, matjurtagörðum, aldingörðum, skógum, veiðidýrum eða fiski, eða er líkleg til að eyða eða fækka einni eða fleiri tegundum, sem æskilegt er að viðhalda, skal réttum stjórnarvöldum heimilt, með því að veita einstaklingum leyfisbréf, að létta af banni því, er 2. til 5. grein fyrirskipa, að því er til þeirrar tegundar kemur.

Eigi að síður skal það vera ólöglegt að kaupa eða selja fugla, sem veiddir eru samkvæmt undanþágu þessari, eða flytja þá burt af því svæði, þar sem þeir voru veiddir.

Nú eru í landslögum einhver önnur ákvæði, er gera það kleift að draga úr spjöllum af völdum tiltekinna fuglategunda, og mega þá aðilar að samþykktinni láta þau ákvæði haldast, að því tilskildu, að tryggt sé, að tilveru viðkomandi tegundar sé ekki stefnt í hættu.

Með því að sérstakir atvinnuhagsmunir eru í húfi í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum, mega rétt stjórnarvöld í löndum þessum gera undanþágur og leyfa sérstök frávik frá ákvæðum þessarar samþykktar. Ef Ísland skyldi gerast aðili að samþykktinni, mundu hinar sömu undanþágur og frávik verða leyfð þar, skyldi þess verða æskt.

Í engu landi skal neitt það aðhafzt, er leiði til geryðingar þeirra staðfugla eða farfugla, sem um ræðir í þessari grein.

7. gr.

Undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar mega rétt stjórnarvöld veita í þágu vísinda og fræðslu, eða ef um er að ræða viðreisn fuglastofna, klak, og uppeldi veiðifugla, eða fálkahald, eftir því sem á stendur, og að því tilskildu, að nauðsynlegrar varúðar sé gætt til þess að girða fyrir misnotkun.

Ákvæði 3. og 4. gr. um tilflutning (transport) skulu ekki gilda í brezka konungsríkinu.

Í engu landi skal bann 3. greinar taka til fiðurs af þeim tegundum fugla, sem leyfilegt er að veiða í því landi.

8. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að gera skrá yfir þá fugla, sem leyfilegt verður að drepa eða fanga í landi hvers þeirra, samkvæmt þeim skilyrðum, er samþykkt þessi setur.

9. gr.

Hvert land skal hafa rétt til að gera skrá yfir þær fuglategundir, staðfugla og farfugla, sem einstaklingar mega halda föngrum, og skal þar kveða á um þær aðferðir, er leyfilegar eru við föngrunina, og sömuleiðis um það, við hvaða aðstæður megi flytja fuglana til og geyma þá fangna. Hvert land skal setja reglur um verzlun með slíka fugla og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að takmarka hana.

10. gr.

Aðilar að samþykktinni skuldbinda sig til að rannsaka og gera viðeigandi ráðstafanir til að varna tortímingu fugla af völdum úrgangsolíu frá skipum eða annarri saurgun vatns, eða af völdum vita, rafmagnsstrengja, skordýraeiturs eða annars eiturs, svo og vegna annarra hliðstæðra orsaka.

Þeir skulu leitast við að glæða hjá börnum og almenningi skilning á nauðsyn þess að vernda og friða fugla.

11. gr.

Til þess að bæta úr afleiðingum þess, að hentugum varpsvæðum fyrir fugla fækkar sem óðast fyrir aðgerðir manna, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til þess að hvetja til þess þegar í stað og stuðla að því með öllum viðeigandi ráðum, að bæði á sjó og landi verði friðlýst ákveðin svæði af hentugri stærð og á hentugum stöðum, þar sem fuglar geti orpið og komið upp ungum sínum óárettir og þar sem farfuglar geti einnig hvílt og aflag sér ætis í friði.

Samþykkt þessa skal fullgilda, og skal hún haldast í gildi meðal allra ríkja, er undirrita hana. Fari svo, að eitthvert þeirra segi henni upp, skal sú uppsögn aðeins taka til hlutaðeigandi ríkis og ekki taka gildi fyrr en að ári liðnu frá því, er uppsögnin var tilkynnt aðilum samþykktarinnar.

Þær þjóðir, sem ekki hafa undirritað samþykktina, skulu hafa rétt til að gerast aðilar að henni, þegar er þær æskja þess.

Þau ríki, er voru aðilar að samþykktinni frá 1902, en hafa ekki fullgilt þessa samþykkt, skulu framvegis vera bundin af ákvæðum samþykktarinnar frá 1902.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr lokaskýrslu dr. Janet Kear um rannsóknir á tjóni af völdum grágæsa á Íslandi.

Tekinn saman af *Agnari Ingólfssyni*.

Árið 1963 var hafizt handa um rannsóknir á grágæsum hérlendis, einkum með hliðsjón af tjóni af þeirra völdum. Rannsóknir þessar voru í höndum fuglafræðinga frá „The Wildfowl Trust“ í Bretlandi. Í júlí árið 1963 kom hingað hópur manna undir forystu Hugh Boyd, og framkvæmdi þessi hópur talningu grágæsa úr lofti og vann auk þess að ýmsum öðrum athugunum. Í september sama ár kom dr. Janet Kear hingað í því skyni að athuga tjón af völdum gæsa. Hún kom síðan aftur í maí árið 1964, og ferðaðist hún í bæði skiptin um flestar byggðir landsins.

Fer hér á eftir lauslegur útdráttur úr óprentaðri skýrslu dr. Kear um þessar rannsóknir hennar.

Yfirlit um hætti grágæsa á Íslandi.

Á Íslandi er grágæsin láglendisfugl, sem sjaldan verpur ofan byggðamarka. Grágæsirnar yfirgefa vetrarheimkynni sín í Skotlandi í apríl. Frá því að þær koma til Íslands og þar til í maí, er varpið hefst, sækja þær töluvert í ræktað land. Þessi tími er mjög mislangur, því að koma gæsanna til landsins er háð veðráttunni í Skotlandi, en varptíminn fer eftir veðráttunni hér. Eftir að varp er hafið og þangað til gæsirnar eru komnar úr sárnum, sækja þær ekki í ræktað land nema undir sérstökum kringumstæðum. Gæsirnar fella fjaðrir á vötnum eða ám og eru þá oft í stórhópum. Í septemberbyrjun fara gæsirnar á ný að sækja í ræktað land og dveljast þar að töluverðu leyti, unz þær fara til Skotlands í október, en það fer nokkuð eftir veðráttu, hvenær þær fara.

Fjölgun grágæsa á Íslandi.

Á undanfórnum 30—40 árum hefur grágæsum farið ört fjölgandi hér á landi, en einkum þó á síðustu 20 árum. Á þessu tímabili hafa þær víða numið lönd, þar sem þær voru svo til óþekktar áður. Orsakir þessarar fjölgunar eru sennilega margar. Hlýnandi loftslag undanfarinna áratuga hefur sennilega haft þau áhrif, að grágæsirnar hafa leitað ofar og innar í landið en áður, auk þess sem varp hefur getað byrjað fyrr á láglendi, sennilega með þeim afleiðingum, að það hefur yfirleitt tekizt betur. Hin aukna ræktun síðustu áratuga hefur leitt til betri fæðuskilyrða fyrir gæsirnar, án þess að um verulega minnkun varplands hafi verið að ræða. Fækkun fólks í sveitum, vélvæðing landbúnaðarins og aukin noktun vélknúinna farartækja hefur valdið því, að minni umferð er nú um varpland gæsanna en áður. Vegna aukinna fiskveiða er eggjahvítuskortur úr sögunni, og því ekki eins mikið sótt eftir eggjum. Fyrir 1930 var víða farið í grágæsareggjaleitir, en nú mun þetta varla gert lengur, þótt egg séu allvíða tekin ef hreiður finnast af hendingu. Af sömu orsökum hafa fuglaveiðar sennilega verið almennari fyrir 1930 en nú, a. m. k. voru gæsir í sárnum veiddar í nokkrum mæli þá. Eyðing rándýra, svo sem refa, hefur líka e. t. v. haft einhver áhrif á fjölgun gæsanna. Að lokum er hugsanlegt, að breytingar á kjörlendi gæsanna í Bretlandi hafi haft nokkur áhrif. Að vísu hafa vetur í Bretlandi verið fremur harðir eftir 1940, og grágæsaveiði hefur einnig aukizt á þessu tímabili, en hins vegar hefur aukin ræktun haft í för með sér betri fæðuskilyrði fyrir gæsirnar.

Talið er, að í júlí sumarið 1963 hafi verið um 19 000 fullorðnar grágæsir hér á landi. Á haustin, eftir að ungarnir eru komnir á legg, er tala fullvaxinna grágæsa auðvitað mun hærrí og nálgast sennilega 40 000. Algengastar voru grágæsirnar í Austur-Húnavatnssýslu, Skagafirði, á Fljótsdalshéraði, í Austur-Skaftafellssýslu og í Árnes- og Rangárvallasýslu. Talið er, að um þriðjungur grágæsastofnsins hafi þá verið á Lagarfljóti og í næsta nágrenni þess.

Tjón af völdum grágæsa.

Tún og nýræktir.

Vor. Það er mjög ólíklegt, að gæsir tini grasfræ, sem sáð hefur verið, enda þótt einn bóndi hafi kvartað um það. Gæsir eru að mestu komnar á varpstöðvar sínar, þegar gras á sáðsléttum hefur náð nægilegum þroska fyrir þær. Grágæsirnar valda því varla tjóni á nýrækt á fyrsta vori. Hins vegar geta þær valdið tjóni á nýrækt á öðru vori, stundum mjög tilfínanlegu. Koma gæsirnar oft í hópum á þessar nýræktir, og enda þótt hver hópur hafi oft aðeins stutta viðdvöl, þá bætast nýir í skarðið. Það fer mjög eftir veðri, hve viðstaðan á nýræktunum er löng. Því kaldara sem vorið er, því lengri er viðstaðan og þeim mun meira tjóni valda gæsirnar. Það er fremur ólíklegt, að gæsirnar rífi upp gras með rótum, a. m. k. benda

rannsóknir erlendis til þess, að þær geri það ekki. Þetta vortjón á nýræktum er sennilega tilfinnanlegasta tjónið, sem gæsir valda hér á landi. Auk þess er nokkrum erfiðleikum bundið að koma í veg fyrir það (sjá síðar).

Sumar. Þar sem tún eða nýræktir liggja að ám eða vötnum, geta gæsir í sárum stundum valdið nokkru tjóni á mjórri ræmu, sem að vatninu liggur. Tiltölulega auðvelt er að koma í veg fyrir tjón af þessu tagi.

Haust. Í septemberbyrjun taka gæsir að leita á tún og nýræktir á ný og geta þá valdið nokkrum spjöllum á þeim 2—3 vikum, unz slætti lýkur. Þetta tjón er þó tiltölulega mjög lítið, gæsirnar eru of fáar og dreifðar til þess að geta valdið verulegri rýrnun á töðumagni á þessum stutta tíma.

Kornakrar.

Vor. Ef byggfræi er dreifsáð, eiga gæsir til að tína fræin og geta þannig valdið tjóni. Þar sem gæsir valda slíku tjóni, virðist svo sem um 10% meira sáðmagn sé nauðsynlegt til að bæta upp það, sem gæsirnar éta. Tveimur vikum eftir að sáð er, eru plönturnar orðnar nógu stórar til þess, að gæsir bítu þær, en þær eru þá oftast farnar til varpstöðvanna. Erendis sýnir reynslan, að byggakrar ná sér fullkomlega fyrir uppskeru eftir vorbeit gæsa, en óvíst er, hvort svo er á Íslandi.

Sumar. Eins og þegar um tún og nýræktir er að ræða, geta gæsir í sárum valdið nokkru tjóni á mjórri ræmu þeirra akra, sem liggja að vötnum og ám.

Haust. Á haustin líta gæsirnar ekki við byggi nema fullþroska sé, og það er því yfirleitt aðeins í um vikutíma, sem þær geta valdið tjóni. En á þessum stutta tíma velja gæsirnir hins vegar fremur bygg en nokkra aðra fæðutegund. Gæsirnar byrja ætíð á að éta kornið á jöðrum akranna, en geta smám saman troðið niður jaðrana og fært sig innar og innar.

Hafrar.

Gæsir tína stundum sáðfræ, en um annað vortjón er ekki að ræða, þar sem höfrunum er sáð svo seint. Gæsir bíta líka stundum hafrá á sumrin og haustin á svipaðan hátt og gras á túnnum, en tjón er lítið, því að gæsirnar virðast ekki sækja mjög í hafrana.

Kartöflur.

Ekki fór þess að gæta, að gæsir sæktu í kartöflur fyrr en upp úr 1940, þegar byrjað var á því að rækta kartöflur á stórum, ógirtum svæðum fjarri mannbústöðum.

Vor. Nokkrir bændur kvörtuðu undan því, að gæsir græfu upp útsæðiskartöflur á vorin, en það má teljast ólíklegt, enda varð hvergi vart við tjón af þessu tagi í maí 1964.

Haust. Gæsir valda stundum dálitlu tjóni með því að rífa upp kartöflugrös, unz þær ná í kartöflurnar undir þeim. Mest hætta er á þessu, þar sem jarðvegur er sendinn (þ. e. laus í sér), og einkum ef kartöflugarðarnir eru nálægt ám eða vötnum. Ekki eru þó mikil brögð að þessu. Oft er það arfinn í görðunum, sem gæsin er að sækjast eftir, fremur en kartöflurnar sjálfar, en fáir hún að vera í friði, er hætt við að hún færi sig upp á skaftið og leggist á kartöflurnar. Í örfáum tilfellum höfðu gæsir gersamlega eyðilagt kartöflugarða.

Næpur og gulrófur.

Á undanförunum 6—8 árum hafa gæsir á fáeinum stöðum valdið nokkru tjóni á næpum og gulrófum, bæði með því að éta ungar plöntur og með því að narta í þann hluta rótarinnar, sem upp úr jörðu stendur. Enda þótt lítil brögð séu að þessu enn þá, er hugsanlegt, að gæsir almennt komist upp á lagið með að éta næpur, eins og gerzt hefur sums staðar á Bretlandseyjum.

Fóðurkál.

Síðastliðin 10 ár hafa gæsir á nokkrum stöðum valdið tjóni á fóðurkáli á haustin, og einnig á sumrin, þar sem það hefur verið ræktað á ár- eða vatnsbökkum. Gæsirnar leggjast aðeins á jaðra kálakra, og oft virðist það vera arfinn, sem fyrst og fremst laðar gæsirnar að kálökrunum, enda þótt þær leggist líka á kálið sjálft, fáir þær að vera í friði. Enn sem komið er, virðast gæsir þó ekki mjög gráðugar í fóðurkál.

Áhrif gæsasaura.

Nokkrir bændur kvörtuðu undan því, að sauðfé og nautgripir forðuðust svæði, þar sem gæsir höfðu verið á beit, og ennfremur, að sauðfé vildi ógjarna hey mengað gæsasaur. Það er mjög ólíklegt, að gæsasaur hafi þessi áhrif, þar sem af honum er aðeins grasbragð. Hins vegar er sennilegt, að búfénaður sneiði hjá gæsabitnum svæðum, vegna þess að gróður þar er ekki eins þroskamikill og á óbitnum stöðum. Einn bóndi hafði tekið eftir því, að kindur lögðu sig eftir því að éta gæsasaur. Þetta hafa menn einnig orðið varir við í Skotlandi, og þar var álitid, að þetta benti til fosfórskorts í jarðveginum.

Hins vegar gera gæsirnar nokkurt gagn með beit á óræktuðu landi eða ræktuðu landi eftir slátt (uppskeru). Saurinn inniheldur plöntuleifar, sem eru að meira eða minna leyti meltar, og flýttir það mjög fyrir því, að næringarefnin komist niður í jörðina aftur í þeirri mynd, sem plönturnar geta notfært sér.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón.

Hér koma einkum tvær leiðir til greina. Fyrri leiðin er fólgin í því að fækka gæsnum í landinu, en hin er sú, að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, án þess að gengið sé á stofninn.

Fækkun gæsa.

1. Eyðing eggja. Þar sem grágæsir verpa yfirleitt ekki í þéttum vörpum, eru hreiður þeirra torfundin, og vegna fólksfæðar í sveitum eru lítil líkindi til, að menn geti gefið sér tíma til að leita þeirra. Gæsir verpa aftur, þótt fyrsta varp sé tekið, svo einnig þarf að taka annað varp, ef árangur á að nást. Öllu vænlegri aðferð er að gera eggin ófrjó með því að hrista þau. Liggja þá gæsirnar á hinum ófrjóu eggjum og verpa ekki aftur. Ef nokkur árangur á að verða af þessu, verður þetta að gerast nokkur ár í röð, því að það hefur tiltölulega lítið að segja, þótt varp mistakist að mestu eitt árið. Sennilega mun það ekki hafa nein veruleg áhrif á gæsastofninn, þótt taka grágæsareggja verði leyfð. Það er vitað, að grágæsaregg eru tekin í smáum stíl, en vegna erfiðleikanna á að finna hreiðrin er ólíklegt, að eggjataka muni aukast að ráði, þótt hún verði gerð lögleg.

2. Lenging veiðitímans. Sú tillaga hefur komið fram að leyfa grágæsaveiðar frá 1. ágúst í stað 20. ágúst, eins og nú er, og vekja jafnframt áhuga íbúa borga og bæja á gæsaveiðum og jafnvel reyna að fá útlendinga til þess að stunda hér gæsaveiðar. Í Bretlandi er mjög mikill áhugi á gæsaveiðum, og er ætlað, að nálega þriðjungur íslenska grágæsastofnsins, þ. e. um 10 000—15 000 fuglar, sé skotinn í Skotlandi á vetri hverjum. Þessi gífurlega veiði hefur samt ekki getað hindrað aukningu stofnsins. Það virðist því lítil líkindi til þess, að jafn fámenn þjóð og Íslendingar geti með skotum haft nokkur veruleg áhrif á stærð grágæsastofnsins, jafnvel þó veiði aukist að mun. Auk þess eru lítil líkindi til þess, að hægt verði að fá útlendinga til að stunda hér gæsaveiðar svo nokkru nemi. Frjáls veiði grágæsa á vorin væri brot á alþjóðasamþykkt um verndun fugla, auk þess sem árangur af því yrði mjög vafasamur samkvæmt því, sem að ofan er sagt. Afleiðing af þessu

gæti einnig orðið sú, að fuglaveiðar á vorin yrðu almennar, einkum meðal íbúa borga og bæja, og gæti það bitnað á ýmsum öðrum fuglategundum.

3. Leyfisbundin veiði grágæsa utan veiðitímans. Í fuglafriðunarlægum margra landa er gert ráð fyrir, að leyft sé að skjóta friðaða fugla á stöðum, þar sem þeir valda tilfinnanlegu tjóni. Yfirleitt er því þannig fyrir komið, að sækja verður um leyfi til viðkomandi stjórnarvalda til slíks. Eins og að ofan greinir, er ólíklegt, að aukin veiði með skotum hér muni hafa veruleg áhrif á stærð grágæsastofnsins, en hins vegar er hugsanlegt, að leyfisbundin veiði á vissum svæðum utan veiðitímans kunní að fæla gæsir burt frá þeim stöðum, þar sem þær valda mestu tjóni. Um það bil einn af hverjum tíu bændum játuðu hiklaust, að þeir skytu gæsir á vorin, en vafalaust hafa margir ekki viljað viðurkenna það.

4. Smölun grágæsa í sárum. Á vissum stöðum á landinu eins og á Hópi í Húnavatnssýslu og á Lagarfljóti safnast grágæsir saman í stóra hópa, þegar þær eru í sárum. Er þá mikill hluti grágæsastofnsins samankominn á tiltölulega mjög takmörkuðum svæðum. Ef á annað borð á að reyna að fækka gæsnum í landinu, er auðsætt, að vænlegasta leiðin til árangurs er að reyna að veiða grágæsir í sárum á slíkum stöðum. Þar sem grágæsir í sárum leita ávallt út á vatn, verði þær fyrir styggð, er miklum erfiðleikum bundið að reka flugvana grágæsir í netgirðingar eins og heiðagæsir. Önnur aðferð er sú, að elta flugvana gæsir á vélbát og skjóta þær. Þessi aðferð er fremur ógeðfæld og myndi auk þess brjóta í bág við anda alþjóðasamþykktar um verndun fugla, sem Íslands hefur fullgilt. Það er mjög sennilegt, að almenningssálitið, bæði á Íslandi og erlendis, snerist mjög öndvert gegn báðum þessum aðferðum, yrði þeim beitt.

5. Eitrun. Það liggur í augum uppi, að ekki er unnt að nota strychnin og arsenik til að fækka gæsnum, þar sem gæsirnar nærast á sams konar fæðu og búfenaður. Fremur kæmi til greina notkun svæfandi lyfja eins og chloralose. Enn er lítið vitað um áhrif þessara lyfja á gæsir (og raunar margar aðrar lífverur), og yrðu rannsóknir að fara fram, áður en til greina kæmi að hefja almenna notkun þeirra.

Varnarráðstafanir.

1. Hljóðfælar. Á því leikur enginn vafi, að hægt er að fæla burt gæsaþóp um stundarsakir með því að skjóta eina gæs úr hópnum eða svo. En halda verður áfram að skjóta í nokkra daga eða vikur, annars koma gæsirnar brátt aftur. Einkum er erfitt að eiga við gæsirnar snemma vors og seint á hausti, þegar þær eru á ferð og flugi. Er þá illmögulegt að kenna gæsnum að forðast ákveðin svæði, þar sem sífell er við nýjar gæsir að eiga. Ef árangur á að nást, yrði skotmaður að vera stöðugt á svæðinu það tímabil, sem vænta má tjóns. Auk þessa er alls ekki auðvelt að skjóta gæsir, jafnvel á vorin, og er auðsætt, að það svarar alls ekki kostnaði að beita þessari aðferð. Gæsir hræðast hvers konar hávaða, sem þær eiga ekki að venjast. Af hinum svonefndu hljóðfælum eru hvellbyssur árangursrikastar. Glóbus h/f hefur flutt þessar hvellbyssur inn, og er verð þeirra um 3200 kr. Hvellbyssur þessar eru þannig gerðar, að þær gefa frá sér hveli með jöfnu millibili. Tíðni hvellanna er unnt að breyta eftir vild, en hlaða þarf þessar byssur á nokkurra daga fresti. Beztur árangur næst, ef byssurnar eru færðar til og tíðni hvellanna breytt sem oftast, a. m. k. á fárra daga fresti. Þá er einnig gott að byssurnar séu huldar, þannig að gæsirnar sjái þær ekki. Reynzt hefur vel að nota einnig hræður samhliða hvellbyssunum. Talið er, að ein hvellbyssu fæli burt gæsir af 6—8 hekturum lands. Hér á landi eru a. m. k. 16 hvellbyssur í notkun. Af 12 bændum, sem spurðir voru um álit sitt á byssunum, kváðust 8 vera mjög ánægðir með árangurinn, byssurnar hefðu fælt burtu allar gæsir frá þeim svæðum, þar sem vænta mátti tjóns. Svo virðist sem hinir bændurnir hafi annað hvort ekki fært byssuna til og breytt tíðni hvellanna, eins og til er ætlað, eða þeir hafi ætlað henni of stórt svæði.

2. Hræður. Það er sameiginlegt með öllum hræðum, að gæsirnar venjast þeim smátt og smátt og hætta að forðast þær, ef þeir eru láttnar standa lengi á sama stað. Ef árangur á að nást, verður því að flytja þær til, a. m. k. á þriggja daga fresti. Einna beztur árangur hefur náðst með hræðum í mannsmynd, og auka má áhrif þeirra með því að skipta um föt á þeim öðru hverju. Til bóta er einnig að hafa hræðurnar sem líkastar manni, en til muna stærri. Þá geta sterkir litir komið að miklu liði, einkum rauðir litir, og gott er að láta einhvern hluta hræðunnar sveiflast til fyrir vindi Hræðurnar ættu ekki að vera færri en á ein á hverja 2 hektara, og haga þarf staðsetningu þeirra þannig, að þær séu helzt þar sem mest tjóns má vænta.

Í Skotlandi hafa einnig verið notaðar ýmsar aðrar gerðir af hræðum með góðum árangri, svo sem mislit flögg, heypokar, sem sveiflast fyrir vindi, tunnur, kassar, bílar, tjöld og gúmmíblöðrur. Allt verður þetta að sjálfsögðu að færast til á fárra daga fresti, ef árangur á að nást. Þá hefur einnig reynzt vel að nota sundurlimaða líkama eða fjaðrir dauðra gæsa. Nauðsynlegt er, að þessir fuglar líti sem óeðlilegast út, og að einhver líkamshluti þeirra hreyfist fyrir vindi. Það er t. d. betra að láta gæs hanga á fótunum á stöng, heldur en að láta hana liggja á jörðinni. Séu fuglarnir eðlilegir, draga þeir stundum að sér gæsir í stað þessi að fæla þær burtu. Umferð manna og hunda fælir að sjálfsögðu einnig burtu gæsir og því meir sem oftar er farið um svæðin.

3. Aðrar ráðstafanir. Ein bezta leiðin til þess að vernda akra og garða fyrir gæsum er að staðsetja þá nálægt hæjum eða vegum og forðast sérstaklega ár- og vatnsbakka, þar sem gæsir í sárum safnast saman. Raðsáning byggs og hafra með vél í stað dreifsáningar kemur í veg fyrir, að gæsir nái fræjunum. Sé dreifsáning notuð, þar sem vænta má tjóns af völdum gæsa, er nauðsynlegt að nota meira sáðmagn en ella. Mælt er með um 10% meira sáðmagni, þar sem gæsir valda verulegu tjóni. Hið mikla illgresi í íslenskum görðum og ökrum hefur örugglega haft mikið aðdráttarafl á gæsir. Ekki virðist svara kostnaði að eyða hér illgresi með eitri, og er vel líklegt, að það sé nú orðið of seint, því að gæsir hafa þegar komizt upp á lagið með að gjæða sér á nytjagróðri.

Í mörgum tilfellum, þar sem tjón hafði verið unnið í september 1963, hefði verið unnt að koma í veg fyrir það, ef akrarnir og garðarnir hefðu verið girtir. Ef hæð plantnanna er meiri en 14 cm, fljúga gæsirnar yfirleitt ekki inn í akurinn eða garðinn, en ganga inn frá hlið. Girðingarnar þyrftu því ekki að vera háar. Það er alveg fráleitt að rækta bygg eða fódurkál á bakka ár eða vatns, þar sem gæsir í sárum dveljast, án þess að girða svæðið. Einstrengja rafgirðing í um 30 cm hæð kemur í veg fyrir, að gæsir fari af vatni upp í akra og garða á vatns- eða árbökkum. Kosturinn við slíka rafgirðingu er sá, hversu auðvelt er flytja hana til, auk þess sem hún er tiltölulega ódýr. Eins kílómetra girðing af þessari gerð ásamt rafgeymi kostar um 5000—6000 kr.

Sums staðar hefur gefizt vel að leggja þorskanet yfir yztu grösín í kartöflu-görðum, því að gæsirnar ganga ógjarna yfir þau.

Hver bóndi verður að sjálfsögðu ávallt að spyrja sjálfan sig, áður en hann grípur til varnarráðstafana, hvort kostnaður og fyrirhöfn í sambandi við þær standi í réttu hlutfalli við tjónið, sem gæsirnar valda. Þar sem mikið er um gæsir, getur stundum verið hagkvæmt að slá, taka upp kartöflur eða beita skepnum á fódurkál í fyrra lagi. Þegar haft er í huga, að gæsir taka ekki að sækja í ræktað land á haustin fyrr en í fyrstu viku september, og að oft er aðeins um takmörkuð svæði að ræða, þar sem vænta má tjóns, getur kostnaður og fyrirhöfn við varnarráðstafanir orðið miklu meiri en sem svarar þeirri minnkun á afrakstri, sem er afleiðing af uppskeru í fyrra lagi, auk þess sem þá er alveg komið í veg fyrir skemmdir af völdum gæsa.

Fylgiskjal III.

Hugleiðingar um eyðingu svartbaks.

Eftir *Agnar Ingólfsson.*

Um fjölda svartbaka á Íslandi.

Það er engum vafa undirorpið, að svartbak hefur fjölgað hér mjög á undanförunum áratugum. Aðalorsök þessarar fjölgunar hefur eflaust verið aukinn úrgangur, fiskur og annað, en einnig er hugsanlegt, að hlýnandi veðurfar á þessu tímabili hafi haft einhver áhrif, þar sem svartbakurinn er fremur suðlæg tegund. Engin leið er nú sem stendur að gera sér nákvæma grein fyrir stærð svartbakastofnsins í landinu. Þó þykir mér ósennilegt, að hann sé undir 50 000 varphjónum. Svartbakurinn verpur um allt land, oftast við ströndina, en alloft einnig upp til heiða. Langalgengastur er hann þó sennilega við Breiðafjörð. Ef gert er ráð fyrir því sem algeru lágmarki, að stofninn í landinu sé 50 000 varphjón, samsvarar það 100 000 fullorðnum fuglum. Rannsóknir á silfurmafum í Danmörku, en sú tegund er náskyld svartbaknum, hafa leitt í ljós, að um 60% af heildarstofninum eru ungir, ókynþroska fuglar. Ætla má, að hlutfallið hjá svartbak sé ekki ósvipað, þannig að lágmarkstala svartbaka hér á landi að hausti til sé um 250 000 fuglar.

Rannsóknir hafa sýnt, að eyða verður mjög stórum hluta fuglastofns á ári hverju, til þess að hann minnki til muna. Má í því sambandi benda á nokkur nærtæk dæmi. Talið er, að grágæsastofn landsins á haustin sé nálægt 40 000 fuglum. Á hverjum vetri eru um 10 000—15 000 íslenskar grágæsir skotnar í Bretlandi, en þessi gífurlega veiði hefur ekki verið því til fyrirstöðu, að grágæsum fer hér stöðugt fjölgandi. Á hverjum vetri er mikill fjöldi rjúpna skotinn hér á landi, oft skipta þær hundruðum þúsunda. Samt sem áður virðist þetta ekki hafa nein áhrif á stærð rjúpna- stofnsins, rjúpum fjölgar og fækkar á reglubundinn hátt, án tillits til veiða. Með hliðsjón af þessu má telja sennilegt, að eyða þurfi a. m. k. helming svartbakastofnsins á ári hverju, ef takast á að fækka svarthökum verulega. Ef stuðzt er við lágmarkstöluna 50 000 varphjón, samsvarar þetta því, að eyða þurfi 125 000 svartbökum á ári. Ég vil þó taka fram, að það er engan veginn öruggt, að nokkur verulegur árangur náist með svona mikilli veiði, auk þess sem sennilegt er, að svartbakastofninn sé mun stærri, en hann er hér áætlaður.

Tjón af völdum svartbaka.

Lífshættir svartbaksins hafa aldrei verið rannsakaðir til neinnar hlítar hér á landi, og eru því engin óyggjandi gögn fyrir hendi um raunverulegt tjón af hans völdum. Almennt mun þó álitid, að hann valdi mestu tjóni í æðarvörpum, og er sennilegt, að það sé rétt. Auk þess leggjast svartbakar stundum á allstóra fiska, svo sem hrognkelsi, lax og silung, og má vera, að þeir valdi með því einhverju tjóni, þó það sé eflaust miklu minna en tjón það, sem þeir valda í æðarvörpum. Þá eru þess einnig dæmi, að svartbakar ráðist á nýfædd lömb, en það mun þó fremur fátítt. Hér verður því einkum rætt um svartbakinn sem skaðvald í æðarvörpum.

Æðardúntekja hefur farið mér mjög þverrandi á undanförunum áratugum. Samkvæmt framtölum hefur dúntekjan hin síðari ár verið nálægt 2000 kg á ári, en það sem af er þessari öld hefur hún orðið mest rösk 4500 kg. Þar sem vitað er, að allmikil brögð eru að því, að slælega sé talið fram, einkum hin síðari ár, er þó sennilegt að dúntekjan nú sé töluvert meiri en framtöl sýna. Það er mjög vafasamt, að dúntekjan geti orðið öllu meiri hér á landi en um 5000 kg á ári við beztu skilyrði.

Það eru eflaust margar orsakir til rýrnunar dúntekjunnar. Það sem helst kemur til greina er fjölgun svartbaks, silfurmafs og minks, auk þess sem fólksfæð í sveitum torveldar mjög hirðingu æðarvarpa. Þá er og vitað að nokkur brögð hafa

verið að því, að æðarvarpsjarðir hafi farið í eyði. Sennilega hefur þetta allt haft einhver áhrif, en það er alveg á huldu, hversu mikil áhrif hvert atriði hefur haft, og verður ekki úr því skorið nema með viðtækum rannsóknum. En það er fráleitt að kenna svartbaknum eingöngu um rýrnun dúntekjunnar. En hvað sem því liður er sennilegt, að dúntekja mundi aukast eitthvað, ef svartbökum væri fækkað til muna, en óvíst er, hversu mikil sú aukning mundi verða.

Aðferðir við eyðingu svartbaka.

Eyðing með skotum.

Eins og mörgum veiðimönnum er kunnugt, er nokkrum vandkvæðum bundið að skjóta svartbaka. Þeir eru yfirleitt mjög varir um sig, og er oft erfitt að komast í skotfæri við þá. Skot koma einkum til greina við þrenns konar aðstæður:

- a) Í verstöðvum og á öðrum stöðum, þar sem máfar safnast saman við úrgang.
- b) Á varpstöðvunum.
- c) Þar sem svartbakaflug er með ströndum fram.

Í verstöðvum er oft hægt að skjóta svartbaka, þar sem þeir safnast saman við úrgang. Er þá oft hægt að skjóta í máfaþvöguna og hafa allmarga í skoti. En við fyrsta skot styggjast máfarnir, og liður oft langur tími, unz þeir koma aftur. Verða máfarnir því varari um sig sem oftast er skotið, unz þeir hætta alveg að koma í færi. Með þessari aðferð er því aðeins unnt að skjóta mjög takmarkaðan fjölda svartbaka. Einnig er sennilegt að eitthvað af „saklausum“ máfum eins og hjartmáfum, hvítmáfum og hettumáfum falli fyrir skotunum, sem hleypt er á hópinn. Að lokum verður einnig að taka fullt tillit til þeirrar hættu, sem er samfara skotum í þéttbýli.

Oft er unnt að skjóta svartbaka við hreiður, en svartbakarnir eru misstyggir, og er það aðeins nokkur hluti þeirra, sem kemur í færi. Hér gegnir einnig sama máli og áður, svartbakarnir styggjast við fyrstu skotin og verður æ erfiðara að komast í færi við þá. Sums staðar, þar sem mikið er skotið af svartbak á varpstöðvunum, eru þeir alveg hættir að koma í skotfæri. Oft verpa svartbakar í nábyli við æðarfugl, og er sennilega varhugavert, að skjóta mikið í æðarvörpum, a. m. k. í byrjun varptímans. Við þetta bætist svo einnig, að mikill hluti svartbakanna verpur ekki í þéttum vörpum, heldur dreift, og mundi það kosta mikla vinnu að leita uppi hreiðrin. Því tel ég þessa aðferð ekki vænlega til árangurs.

Á vissum stöðum á landinu er oft töluvert máfaflug með ströndum fram. Oft er stöðugt flug frá morgni til kvölds, venjulegast í ákveðna stefnu. Þegar sérstök skilyrði eru fyrir hendi, er þá stundum hægt að skjóta töluvert af svartbökum. Skilyrði til þess eru bezt, þegar vindur er allhvass af hafi og heldur á móti aðalflugstefnu fuglanna. Fljúga þeir þá lágt og fremur hægt með ströndinni, og getur skotmaður, sem falinn er í fjörunni skotið máfana jafnóðum og þeir birtast. Aðeins fáir máfar styggjast við hvert skot, þeir sem á eftir koma verða ekki skotmannsins varir, fyrr en þeir koma í færi. Við beztu aðstæður er stundum unnt að skjóta meira en hundrað svartbaka á einum degi. Sé hins vegar aflandsvindur eða hægur vindur, fljúga máfarnir lítið með ströndinni, en í þess stað fremur dreift yfir sjónum, og sé vindurinn á eftir aðalflugstefnunni fljúga þeir svo hátt og hratt, að illmögulegt er að skjóta þá.

Enda þótt þetta sé árangursrikasta leiðin til þess að skjóta svartbaka, tel ég hana samt gagnslausa við eyðingu þeirra. Í fyrsta lagi er mjög sjaldan hægt að beita henni, og í öðru lagi eru það að langmestu leyti ungfuglar, sem falla fyrir skotunum, þar sem þeir eru ekki nærri eins varir um sig og fullorðnir fuglar, auk þess sem þeir sækja meira að dauðum máfum, sem skotmaður hefur fellt. En fyrir svartbakastofninn í landinu er hver ungfugl ekki nærri eins mikilvægur og fullorðinn, kynþroska fugl. Hjá öllum fuglategundum er dánartala miklu hærri hjá ungfuglum en fullorðnum fuglum. Ef þetta væri ekki svo, mundi fuglum fjölga svo á örskömmum tíma, að það hlyti fljótt að leiða til fæðuskorts. Það má

Því ganga út frá því sem vísu, að mikill hluti þeirra ungfugla, sem skotnir eru, hefðu brátt farizt á annan hátt, þótt þeir hefðu ekki fallið fyrir skotum. Fullorðnir fuglar hafa hins vegar að baki sér hættulegasta aldursskeiðið og verða því fyrir miklu minni vanhöldum. Það er því hyggilegra að leggja aðaláherzluna á eyðingu kynþroska fugla.

Þessu til skýringar læt ég hér fylgja dæmi um dánartölur silfurháfa í Danmörku og Bandaríkjunum. Í Danmörku kom í ljós, að af fleygum ungum, sem á lífi voru 1. sept., fórust um 62% á fyrsta ári (sennilega er þetta heldur hátt reiknað). Af þeim sem eftir lifðu, drápust 22% á næsta ári. Á þriðja ári drápust 19% af þeim, sem lifðu af tvö fyrstu árin. Á fjórða ári verða máfarnir kynþroska, og úr því er dánartalan nokkuð jöfn, um 15% á ári. Ég vil taka það fram, að silfurháfastofinn, sem þessar athuganir byggðust á, var í vexti. Í Bandaríkjunum hafa fengizt svipaðar niðurstöður, nema dánartala fullorðinni fugla var þar nokkra hærrí eða um 30% á ári. Þessar rannsóknir byggðust á endurheimtun merktra fugla. Í Danmörku voru um 60% af þessum endurheimtu fuglum skotnir, en í Bandaríkjunum aðeins 5%. Þrátt fyrir þetta eru dánartölur ungfuglanna svipaðar á háðum stöðunum. Sýnir þetta ljóslega, að venjulega ferst ákveðinn hluti stofnsins á hverju ári. Séu máfarnir ekki skotnir, farast þeir á annan hátt, svo sem af fæðuskorti, eða af völdum veikinda, ránfugla o. s. frv.

Eyðing eggja.

Sé steypt undan svartbak, verpur hann því nær alltaf aftur, og það jafnvel þótt seinna varpið sé einnig tekið. Ef árangur á að nást, verður því að taka eggin tvisvar eða jafnvel þrisvar undan hverjum fugli. Þegar svo þar við bætist, að svartbakar verpa tíðum mjög dreift, þá er augljóst, að það er óvinnandi verk að hafa veruleg áhrif á svartbakastofninn með þessu móti. Reynslan sannar einnig, að svartbak fækkar ekki á stöðum, þar sem eggin eru tekin. Þá verður einnig að hafa það í huga, að svartbakur, sem hefur verið rændur eggjum sínum, gerir venjulega mun meiri usla í æðarvarpi heldur en svartbakur, sem fær að vera í friði með egg sín.

Öllu vænlegri leið til árangurs er að gera eggin ófrjó, annað hvort með því að hrista þau eða sprauta á þau efni, sem lokar loftgötum þeirra. Svartbakarnir liggja þá á eggjunum fram yfir venjulegan ásetutíma, verpa ekki aftur og gera miklu minni usla í æðarvarpi. Þessi aðferð hefur verið notuð með góðum árangri í Bandaríkjunum og Hollandi við eyðingu silfurháfa. Þess ber þó að gæta í þessu sambandi, að miklum mun auðveldara er að eiga við silfurháfa en svartbakinn, þar sem silfurháfurinn verpur nær alltaf í þéttum vörpum og á mjög takmörkuðum svæðum. Er óhætt að fullyrða, að slíkar aðgerðir hér muni verða úr hófi fram kostnaðarsamar og tímafrekar. Um eggin á auðvitað hið sama við og um ungfuglana, en þó í enn ríkara mæli, því að hvert egg skiptir tiltölulega litlu máli fyrir svartbakastofninn miðað við fullorðinn fugl. Þykir mér ekki ólíklegt, að gera yrði allt að 80% eggjanna á Íslandi ófrjó á hverju ári, til þess að nokkur árangur náist.

Eyðing með eitri.

Á því leikur lítill vafi, að notkun eiturs hefur reynzt árangursríkasta aðferðin hér til þess að verja æðarvörp fyrir svartbak. Hin síðari ár hefur verið notað strychnin, sem hefur verið sett í æðaregg. Ávallt fylgir nokkur áhætta notkun eiturs, einkum þegar um jafnstærkt eitur og strychnin er að ræða, og er alltaf þörf ítrustu varkárni við meðferð þess. Með því að eittra eingöngu í æðaregg á að vera hægt að koma í veg fyrir, að öðrum dýrum, eins og örnnum og fálkum, stafi hætta af, en því miður hefur orðið nokkur misbrestur á því, að eitrunin hafi verið framkvæmd eins og fyrir er mælt.

Notkun eiturs getur verið mjög stórvirk eyðingaraðferð. Með eitri er jafnt hægt að deyða unga fugla sem gamla. Svartbakar og aðrir fuglar styggjast ekki að ráði við slíkar aðgerðir, og má því halda þeim áfram lengi á sama stað, jafnvel í æðarvörpum. Notkun eiturs er auk þess tiltölulega ódýr miðað við aðrar eyðingaraðferðir. Oft er það aðeins tiltölulega takmarkaður fjöldi svartbaka, sem sækir í æðarvörpin, og er stundum hægt að taka fyrir það að mestu, að þeir geri usla í vörpunum, með því að eittra þar reglulega á vorin. Að vísu hefur þetta ekki nein áhrif á svartbakastofninn í heild, en notkun strychnins í stórum stíl við verstöðvar og sláturhús kemur varla til greina vegna áhættunnar, sem henni er samfara. Erlendis hefur hins vegar notkun svæfandi lyfja við eyðingu meindýra færzt nokkuð í vöxt hin síðari ár. Ef varkárni er gætt, ætti að vera hægt að nota þessi lyf án áhættu við verstöðvar og sláturhús og einnig í æðarvörpum. Því miður er ekki fengin full reynsla af þessum lyfjum enn sem komið er, en allt þykir mér benda til þess, að notkun þeirra verði árangursríkasta og ódýrasta aðferðin, ef reyna á að fækka svartbökum á annað borð. Hins vegar þarf athugunar við, hvort raunverulega borgi sig að leggja í það stórfyrirtæki að fækka svartbökum svo um muni, fremur en að leggja aðaláherzluna á að verja einstök æðarvörp.

Skerðing lífsskilyrða.

Ein öruggasta leiðin til að fækka fuglum og öðrum dýrum er að skerða lífsskilyrði þeirra. Eru þess mörg dæmi, að stofnar viltra dýra hafi minnkað við aðgerðir af manna völdum, sem leitt hafa til spillingar kjörlendis eða lakari fæðuskilyrða. Fækkun af þessum sökum er oftast varanleg, en þegar notaðar eru aðrar eyðingaraðferðir, má alltaf búast við því, að stofnar vaxi á ný, þegar þeim er hætt. Allt bendir til þess, að fæðumagnið setji stærð svartbakastofnsins hér takmörk, og er sennilegt, eins og að framan getur, að hin aukni úrgangur hafi átt mestan þátt í fjölgun svartbaka. Ég tel vafalítið, að svartbökum muni fækka á ný, ef unnt væri að taka að mestu fyrir þessi miklu fæðulind. En lítil von virðist til þess, að þetta verði hægt í náinni framtíð. Jafnvel þó unnt væri að fjarlægja allan úrgang frá fiskvinnslustöðvum og sláturhúsum (sem eflaust mundi hafa í för með sér mikinn kostnað), þá er enn eftir allt sorpið frá bæjum og kaupúnum auk alls þess úrgangs, sem hent er í sjóinn, þar sem gert er að fiski um borð, en þann úrgang eiga máfar mjög auðvelt með að hagnýta sér.

Greiðsla verðlauna fyrir eyðingu meindýra.

Þessi aðferð hefur verið mjög mikið notuð í mörgum löndum, t. d. Bandaríkjunum, Bretlandi, á Norðurlöndum og víðar. Nú á seinni árum hefur mikið verið rætt og ritað um þessa aðferð, en komið hefur í ljós, að í langflestum tilvikum, sem rannsókuð hafa verið, hafa þessar verðlaunaveitingar reynzt algerlega gagnslausar. Samkvæmt því hefur aðferðin verið lögð niður víðast hvar. Einna lengst hefur hún haldið velli í Bandaríkjunum, en þar er nú hvert ríkið á fætur öðru að leggja hana niður. Nýlega var samþykkt á fundi alþjóða-fuglaverndunarráðsins ályktun þess efnis, að skora á öll aðildarríki ráðsins að hætta slíkum verðlaunaveitingum, þar sem þær væru gagnslausar að mestu.

Það sem einkum mælir á móti verðlaunaveitingum er þetta:

1. Það hefur sýnt sig, að þeir einstaklingar, sem drepnir eru vegna verðlaunanna, eru nær ávallt svo fáir, að engu máli skiptir fyrir heildarstofninn, nema hann sé mjög lítill. Þessar verðlaunaveitingar hafa því oftast verið bein sóun á fé.

2. Í þau fáu skipti, sem aðferðin hefur borið árangur, hefur hún reynzt mjög kostnaðarsöm, og hefði verið unnt að ná sama árangri á mun ódýrari hátt en með veitingum verðlauna.

3. Oft eru það tiltölulega fá dýr, sem mestu tjóni valda, og er þá oftast reynt að drepa þau, án tillits til þess, hvort til verðlauna er að vinna eða ekki.

4. Alls staðar, þar sem þessi aðferð hefur verið notuð, hefur verið töluvert um svik í sambandi við hana. Nægir í þessu sambandi að nefna nærtæk dæmi, eins og tilbúning minkaskotta og greiðslu verðlauna fyrir ýmsar aðrar máfategundir en svartbak.

5. Þessi eyðingaraðferð er fremur ógeðfelld, þar sem hún hvetur menn til þess að taka sér byssu í hönd og drepa dýr, eingöngu í þeim tilgangi að hljóta verðlaun fyrir.

Vil ég nú víkja nokkru nánar að greiðslu verðlauna fyrir eyðingu svartbaks. Hér að framan hef ég komið að þeirri niðurstöðu að eyða þurfi a. m. k. 125 000 svartböckum á ári hverju til þess að einhverjar líkur séu fyrir því, að svartböckum fækki verulega. Það ætti einnig að vera ljóst af framanrituðu, að engin líkindi eru til að menn geti haft áhrif á stærð svartbakastofnsins með skotum, jafnvel þótt há verðlaun væru greidd fyrir hvern unninn svartbak, og mundu þessar verðlaunaveitingar því aðeins vera soun á fé. Ef reyna á að eyða þessum fjölda svartbaka á ári, er auðsætt að ráða verði til þess hóp manna, sem starfi eingöngu að þessu verki með stórvirkum aðferðum. Það má teljast mjög góður árangur, ef einum slíkum veiðimanni tekst að eyða 5000 svartböckum á ári. Mundi því þurfa a. m. k. 25 veiðimenn til þess að ná þessum árangri.

Samkvæmt núgildandi lögum eru greiddar allt að 12 kr. fyrir hvern unninn svartbak, en sú upphæð mun vart nægja fyrir skotum. Komið hafa fram tillögur um að hækka þessi verðlaun í 20 kr. eða jafnvel allt upp í 100 kr. Sé miðað við 20 kr. verðlaun mundu verðlaunaveitingar fyrir 125 000 svartbaka nema 2 500 000 krónum. Þar sem góð svartbakaskot munu nú kosta um 10 kr. og þar sem óhætt er að reikna með því að jafnvel hjá góðum skyttum falli ekki svartbakur nema að meðaltali í öðru hverju skoti, er ólíklegt að menn fari að stunda svartbakaveiðar að nokkru ráði vegna verðlaunanna. Ef ráða ætti sérstaka svartbakaveiðimenn, yrði að sjálf-sögðu að greiða þeim fullt kaup, auk verðlaunanna. Ef laun til þeirra eru áætluð kr. 100 000 á ári mundi þessi liður nema um 2 500 000 krónum. Þessir menn yrðu einnig að fá greiddan nauðsynlegan tækjakostnað, ferðakostnað o. s. frv. Væri því ekki fráleitt að áætla kostnað við vinnslu 125 000 svartbaka um 6 000 000 krónur. Væru verðlaunin hins vegar hækkuð enn meir, t. d. upp í 100 kr. á svartbak, mætti búast við því að almenningsur fari að stunda svartbakadráp að ráði. Verðlaunaveit-ingar fyrir 125 000 svartbaka mundu þá nema um 12 500 000 krónum, en eins og að framan greinir tel ég algerlega óhugsandi að unnt sé að bana 125 000 svartböckum á ári með skotum. Til þess þarf stórvirkari veiðiaðferðir, sem aðeins völdum mönnum er trúandi til að beita.

Verð á hreinsuðum dún í smásölu mun nú vera 1850 kr. kílóíð. Samkvæmt fram-tölum hefur dúntekjan hin síðustu ár verið nálega 2000 kg á ári, að verðmæti 3 700 000 krónur. Hin raunverulega dúntekja er þó örugglega meiri en framtöl sýna. Eins og að framan greinir tel ég ólíklegt, að dúntekjan á öllu landinu geti orðið öllum meiri en 5000 kg á ári við beztu skilyrði. Hámarkstekjur af æðarvarpi gætu því ef til vill orðið um 9 200 000 krónur. En það má hins vegar teljast algerlega full-víst að 6—12 milljóna króna útgjöld á ári við eyðingu svartbaks mundi hvergi nærri hafa í för með sér þessa 5 500 000 króna tekjuaukningu.

Ef reyna á að fækka svartböckum á annað borð, hlýtur árangursríkasta og ódýr-asta leiðin að vera sú að banna algerlega hinar gagnslausu og kostnaðarsömu verð-launaveitingar, en ráða hins vegar sérstaka menn á fullum launum til þess að vinna að eyðingu svartbaks með eitri eða svæfandi lyfjum, en þessir menn mundu að sjálf-sögðu frá greiddan áhalda- og ferðakostnað. Annað mál er svo það, að taka verður til rækiligrar athugunar, hvort raunverulega borgi sig að leggja út í það stórfyrirtæki, sem fækkun svartbaka, með hvaða aðferð sem er, hlýtur að verða, fremur en að leggja aðaláherzluna á að verja einstök æðarvörp fyrir ágangi þeirra.

Það er augljóst mál, að nauðsynlegt er, að hér fari fram nákvæm rannsókn á lífsháttum æðarfugls og svartbaks, svo og á ýmsu er að æðarvarpsrækt lýtur. Því

miður virðast engin tók á því, að hægt verði að framkvæma slíkar rannsóknir á næstu árum vegna þess, að þeir menn, sem færir eru um að annast þær, eru bundnir við önnur verkefni.

Það er álit mitt, að áður en ráðist verður í vafasamar framkvæmdir, sé rétt að taka málið til eins rækilegrar athugunar og kostur er. Að sjálfsögðu ber að stefna að því, að unnt verði að framkvæma slíkar rannsóknir, en á meðan það er ekki hægt, tel ég rétt, að í beinu framhaldi af endurskoðun laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem nú er unnið að, verði skipuð nefnd sérfróðra manna til þess að semja reglugerð eða frumvarp til laga um eyðingu svartbaks.

Fylgiskjal IV.

Ályktun Búnaðarþings um frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun ásamt athugasemdum fuglafriðunarnefndar.

Þegar fuglafriðunarnefnd hafði lokið samningu frumvarps til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun sendi menntamálaráðuneytið frv. Búnaðarþingi til umsagnar. Búnaðarþing hefur lagt til, að nokkrar breytingar verði gerðar á einstökum greinum frv., og er gerð nánari grein fyrir þeim breytingartillögum í ályktun þingsins, sem hér fer á eftir.

Ályktun Búnaðarþings.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 17. marz 1965.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands þann 15. marz 1965 var ákveðið að senda hinu háa menntamálaráðuneyti meðfylgjandi ályktun, sem samþykkt var á Búnaðarþingi 1965, um frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, en frumvarpið sendi hið háa ráðuneyti Búnaðarþingi til umsagnar með bréfi, dags. 5. marz 1965.

Virðingarfyllst,
Halldór Pálsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Ályktun um frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Búnaðarþing leggur til, að eftirtaldar breytingar verði gerðar á frumvarpi nefndar, er menntamálaráðuneytið skipaði um fuglaveiðar og fuglafriðun.

5. gr. 2. másl. hljóði þannig: Fuglaveiðar á afréttum utan landareigna lögbýla eru háðar leyfum sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga, sem afréttirnar eiga eða nota.

11. gr. 3. másl. Orðin „og 2“ falli burt og verði málsgreinin öll þannig: Fugla þá, sem veiddir eru, og egg, sem tekin eru skv. undanþáguheimildum þeim, sem felast í 1. málgrein, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

21. gr. 2. másl. Á eftir orðunum „til fuglaveiða á ósöltu vatni“ komi: sbr. þó 24. gr., og hljóði þá málgreinin þannig: Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, sbr. þó 24. gr., o. s. frv.

24. gr. Aftan við greinina komi: Við þær veiðar er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 21. greinar, að nota vélbáta ef aðstaða er þannig, að þess þurfi.

25. gr. Greinin orðist þannig: Eigi má nota eitru til að tortíma fuglum. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið þó veitt undanþágu með reglugerð frá ákvæðum þessarar greinar í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks og kjóa.

Þá vill Búnaðarþing benda á það, að landbúnaðarráðherra hefur falið tveimur mönnum, Hákonni Guðmundssyni yfirborgardómara og Ólafi E. Stefánssyni ráðunaut, „að gera frumdrög að frumvarpi til laga um sinubrennur“, og að þessir menn er nú þegar búnir að afla sér ýmissa gagna um þetta mál. Telur þingið því rétt, að frestað verði lögfestingu á tímatakmarkunum um sinubrennur, unz umræddir menn hafa skilað tillögum sínum.

Greinargerð.

Búnaðarþingi hafa á mörgum undanförunum árum borizt áskoranir frá fjölda bænda um að gerðar verði ráðstafanir til fækkunar á grágæsum, vegna þess tjóns, er þær valda á túnum og ökrum. Nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði, hefur nú samið frumvarp um fuglaveiðar og fuglafriðun og er þar gert ráð fyrir heimild til að veiða grágæsir á venjulegum friðunartíma. Nokkur ákvæði frumvarpsins eru þó þannig, að nauðsynlegt er að breyta þeim til þess að unnt sé að nota umræddar heimildir, svo sem ákvæði 21. gr. um bann við notkun vélbáta við fuglaveiðar á ósöltu vatni. Ómögulegt mun að reka gæsir af vatni í netagirðingar á vatnsbakka nema að nota við það vélbáta. Þá virðist og sjálfsagt að hagnýta megi grágæsaregg og grágæsir, sem veiddar yrðu skv. umræddri heimild, með því að leyfa sölu á þeim.

25. gr. frumvarpsins kveður svo á, að ekki megi veita verðlaun fyrir eyðingu fugla. Nú eru í gildi lög um veitingu verðlauna fyrir að skjóta svartbak (veiðibjöllu) og þótt vafasamt sé um hver áhrif sú löggjöf hefur haft, þykir Búnaðarþingi naumast rétt að tekið sé sérstaklega fram í lögum um bann gegn verðlaunaveitingum í þessu skyni. — Verði lög in um eyðingu svartbaks (lög nr. 66/1936 og lög nr. 14/1962) numin úr gildi, eins og til er ætlazt í frumvarpinu, þá telur Búnaðarþing nauðsynlegt að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til eyðingar svartbaks (veiðibjöllu) með eitrun eða svefnlyfjum, í samræmi við undanþáguheimildir 25. greinar.

Í 2. grein, 5. málslíð frumvarpsins, er svo kveðið að orði, að öllum íslenskum ríkisborgurum séu fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Nú er svo víða um land, að sveitarfélög, eitt eða fleiri eða sveitarhlutar hafa notað afrétt um langan tíma, oft um aldaradur, án þess að nú sé til kaupbréf fyrir afréttarlandinu. En í flestum tilvikum má telja nær fullvíst, að núverandi notendur hafi keypt landið eða þegið það að gjöf, enda með tilgreindum landamerkjum. Sýnist því eðlilegt, að sveitarstjórnir eða stjórnir upprekstrarfélaga líti svo á, að íbúar þeirra svæða, er afrétt nota, eigi þar allan veiðirétt, ef annað er ekki fram tekið í þinglýstum skjölum eða hefðað með notkun um langan tíma. Mikil umferð um afrétt, ekki sízt fuglaveiðimanna, ónáðar búpening, sem á afrétti gengur, svo að hætta er á, að hann renni af afrétti til byggða; meðfram af þeirri ástæðu virðist rétt að fuglaveiðar á afréttum séu háðar leyfum sveitarstjórna.

Athugasemdir fuglafriðunarnefndar.

Fuglafriðunarnefnd hefur kynnt sér ályktun Búnaðarþings um frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun og verða breytingartillögur Búnaðarþings við umrætt frumvarp ræddar hér nokkru nánar.

Um 5. gr.

Nefndin getur ekki fallizt á brtt. Búnaðarþ. við 5. gr. frv., sem er óbreytt frá því sem er í gildandi lögum. Í framkvæmd myndi fyrirhuguð breyting á 5. gr. hafa þær afleiðingar, að aðeins bændum (eigendum eða ábúendum lögbýla) væri heimill réttur til fuglaveiða hér á landi. Nefndin er andvíg slíkum takmörkunum á rétti til fuglaveiða, enda ganga þær í öfuga átt við þróun þessara mála í nágrannalöndum okkar, bæði austan hafs og vestan. Þar hefur verið unnið að því á markvissan hátt að tryggja þeim hluta þegnanna, sem búa í þéttbýli, frjálsan aðgang að landi, þar sem þeir geti eytt frístundum sínum, notið náttúrunnar og stundað veiðar. Þetta getur verið erfiðleikum bundið í þéttbýlum og þrautræktuðum löndum, en

Ísland er svo strjálbýlt land, og óbyggðir þess eru svo víðáttumiklar, að þar ætti að vera nóg svigrúm bæði fyrir bændur og borgarbúa. Að því er varðar veiðar er réttur landeigenda hér meiri en í flestum öðrum löndum. Hér eru landeiganda einum heimilur fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni, og ber þá að hafa í huga, að hér eru landareignir yfirleitt miklu stærri en í þéttbýlum akuryrkju-löndum. Þá eiga landeigendur hér fuglaveiðar í fjörum og auk þess 115 m á haf út talið frá stórstraumsfjörumáli. Erlendis er hins vegar réttur landeigenda til fuglaveiði víðast hvar miklu takmarkaðri en hér. Má meðal annars benda á að í Bandaríkjunum er veiðiréttur aðskilinn frá landi og er eign ríkisins. Þar verða menn því að kaup veiðileyfi af ríkinu, hvort sem þeir eru landeigendur eða ekki. Á Bretlands-eyjum og víðar eru fjörur og grunnsævi með landi fram almenningar, þar sem öllum eru fuglaveiðar heimilur. Mörg fleiri dæmi af þessu tagi mætti nefna, en allt miðar þetta að því, að tryggja sem flestum þegnum hlutaðeigandi ríkja rétt til fuglaveiða. Í flestum löndum gengur þróunin í þá átt, að vaxandi hluti íbúanna býr í þéttbýli. Þetta er staðreynd, sem ekki verður vefengd. En löggjafarvaldið í nágrannalöndum okkar hefur fyrir löngu gert sér ljóst, að nauðsynlegt er að taka tillit til þessarar þróunar með því að tryggja íbúum þéttbýlisins frjálsan aðgang að landi til þess að njóta náttúrunnar og til útivistaríþróttar, svo sem veiða.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið sagt, fær nefndin ekki séð, að brýn nauðsyn sé til þess, að svipta með öllu íbúa þéttbýlisins rétti til fuglaveiða í óbyggðum landsins. Að vísu færir Búnaðarþ. fram sem rök fyrir brtt. sinni að mikil umferð um afrétt, ekki sízt fuglaveiðimanna, ónáði búpening, sem á afrétti gengur, svo að hætta sé á að hann renni af afrétti til byggða. Þessi rök eru fremur léttvæg því að vitað er, að það eru fyrst og fremst rjúpnaveiðar, sem hér eru stundaðar á afréttum. En þar sem þær veiðar fara nú aðeins fram á tímabilinu frá 15. október til 22. desember, geta þær ekki með nokkru móti valdið búpeningi ónáði. Þá er göngum þegar lokið og sauðfé og stóði hefur þá verið smalað af afréttum.

Á það skal bent, að með orðinu eignarréttur í 5. gr. 2. mgr. frv. er einungis átt við bein eignarréttindi að landi eða landsvæðum. Ríkið hefur að vísu yfirráðarétt og vissar heimildir að landi utan lögbýla og annarra landsvæða, sem eignarréttur einstaklinga eða einstakra héraða nær ekki til, en sá réttur ríkisins, sem helgast einungis af slíkum yfirráðarétti, verður ekki talinn eignarréttur samkv. 5. gr. 2. mgr. frv.

Um 11. gr.

Nefndin fellst að nokkru leyti á brtt. Búnaðarþ. við þessa grein frv. og hefur 3. mgr. verið breytt til samræmis við það. Undanþáguheimildir 11. gr. miða að því, að auðvelda bændum að koma í veg fyrir tjón af völdum fugla, en ekki að því, að þeir geti gert fugla, sem veiddir eru samkvæmt slíkum undanþágum, að verzlunarvöru. En nefndin getur fallizt á, að heimilt skuli að gefa eða þiggja að gjöf fugla, sem veiddir eru samkv. 1. og 2. mgr. Hins vegar verður ekki með nokkru móti við það unað, að t. d. gæsir, sem veiddar eru um varptímann eða þegar þær eru í sár-um, verði gerðar að verzlunarvöru, enda væri slíkt skýlaust brot á ákvæðum 6. gr. alþjóðasamþykktar um verndun fugla. Það skal tekið fram að einn nefndarmanna (P. E.) var andvígur breytingum á þessari grein frv.

Um 21. og 24. gr.

Nefndin getur fyrir sitt leyti fallizt á brtt. Búnaðarþ. við þessar greinar frv. og hefur þeim verið breytt til samræmis við það. Einn nefndarmanna (P. E.) var þó andvígur því, að gerðar væru breytingar á þessum greinum frunvarpsins

Um 25. gr.

Ákvæði 5. gr. alþjóðasamþykktarinnar taka af öllu tvímæli um það, að nauðsynlegt er, að í frv. sé almennt ákvæði um að óheimilt sé að nota eitru til að tortíma

fuglum og að óheimilt sé að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra. Hins vegar gæti undanþága frá slíku banni komið til greina í vissum tilvikum eins og undanþáguheimild 25. gr. frá banni við notkun eiturs eða svæfandi lyfja. En þar sem verðlauna-veitingar fyrir eyðingu algengra fugla, sem valda tjóni á nytjum, hafa alls staðar reynzt með öllu gagnslausar, heldur nefndin fast við þá afstöðu sína, að banna beri þær með öllu. Að tilhlutan nefndarinnar hefur Agnar Ingólfsson, sem nú vinnur að rannsóknum á íslenskum máfum, samið rækilega greinargerð um eyðingu svartbaks, og er útdráttur úr henni birtur sem fylgiskjal með frv.

Um 27. gr.

Búnaðarþ. leggur til, að ákvæði um sinubrennur verði fellt niður úr frv., þar sem landbúnaðarráðuneytið hafi falið tilteknum mönnum að semja frumvarp til laga um það efni. Nefndin telur rétt, að fresta ekki lögfestingu frumvarpsákvæðisins um sinubrennur, þótt síðar sé von á sérstöku og sennilega viðtækara frumvarpi um sama efni. Með þeim lögum mætti nema úr gildi ákvæði 27. gr. frv. um sinubrennur, ef þurfa þætti.